



# MEISTARANÁM REIKNINGSHALD

REIKNINGSHALD OG ENDURSKOÐUN  
STJÓRNUNARREIKNINGSSKIL  
OG VIÐSKIPTAFÆRNI



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

# ÁVARP DEILDARFORSETA



## **Vertu hjartanlega velkomin(n) í viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík!**

Meistaránám í reikningshaldi við Háskólann í Reykjavík er einstakt í sinni röð á Íslandi. Námið veitir nemendum framúrskarandi alþjóðlega reynslu í falletgu umhverfi höfuðborgarinnar. Nemendum er búin fyrsta flokks námsaðstaða í nýju húsnæði HR í Nauthólsvík. Námssefninu er miðlað af virtu kennaraliði skólans og gestakennurum frá alþjóðlegum viðskiptaháskólum í fremstu röð. Allir sem koma að kennslu í náminu búa yfir úrvals þekkingu, færni og reynslu.

Helsti kostur námsins er e.t.v. nálgun þess við kennslu og lærdóm þar sem áhersla er lögð á faglega færni nemenda. Fræðilegt nám er fléttað saman við aðferðir sem líkja eftir því sem nemendur munu takast á við innan vinnustaða. Samhliða því að þeir kynna sér mismunandi greinar og þekkingu innan reikningshalds, taka nemendur þátt í hópvinnu af ýmsu tagi og reyna á greiningarhæfni sína við verkefnalausnir og ákvarðanatöku.

Njóttu þess að fræðast frekar um meistaranám í reikningshaldi við Háskólann í Reykjavík!

*Dr. Friðrik M. Baldursson*

*Forseti*

*Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík*







Ekki fer á milli mála að mikið umrót hefur verið á fjármálamörkuðum á undanförunum misserum. Við þær aðstæður skiptir miklu að með reikningshaldi takist að draga upp sannsýna og óhlutdræga mynd af hagrænni sögu fyrirtækja og stofnana til hagsbóta fyrir alla þá sem reiða sig á slíka frásögn. Mælitækin sem notuð eru við þá iðju eru mannanna verk og því að vonum að reglur um þessar mælingar séu umdeildar en ekki síður hvernig þeim mælitækjum skuli beitt. Miklar breytingar hafa verið gerðar á reglunum á undanförunum árum og eru ástæður þeirra breytinga margvíslegar og því fer fjarri að núgildandi reglur séu endanlegar og því ógrandi fyrir ungt og efnilegt fólk að taka þátt í því að móta og betrumbæta þá frásagnartækni sem reikningshald og endurskoðun fjallar um.

Miklu skiptir að nemendur sem hafa hug á að starfa í þessum geira læri að skynja þetta umhverfi með réttum hætti og átti sig á kostum og göllum regluverksins. Tilgangurinn með reikningshaldi er að koma samfélaginu til góða og það gerist því aðeins að regluverkið sé gott og ekki síður að unnið sé af heilindum. Í þessum anda starfar Háskólinn í Reykjavík og í því skyni hefur verið safnað saman kennurum úr ýmsum áttum, innlendum og erlendum. Mikil áhersla er lögð á að þeir hafi ekki aðeins góðan fræðilegan bakgrunn heldur hafi þeir einnig nýlega og mikla reynslu úr atvinnulífinu.

Nemandi góður: kynntu þér hverjir við erum og hvernig við störfum og svo bjóðum við þig velkominn til starfa.

*Stefán Svavarsson*

*Faglegur stjórnandi meistaranáms í reikningshaldi og endurskoðun.*



Meistaránámið er 120 ECTS einingar og tekur tvö ár (fjórar annir) ef miðað er við fullt nám. Gert er ráð fyrir fjórum námskeiðum á önn í fullu námi. Þeir sem hafa hugsað sér að vinna önnur störf með náminu geta tekið námið á lengri tíma. Kennslan fer ýmist fram seinni hluta dags (kl. 16:35–19:50) eða í námslotum (fimmtudaga – laugardaga).

#### **TVÆR NÁMSLEIÐIR ERU Í BOÐI:**

##### **MEISTARANÁM Í REIKNINGSHALDI OG ENDURSKOÐUN**

MACC (E. ACCOUNTING AND AUDITING)

##### **MEISTARANÁM Í STJÓRNUNARREIKNINGSSKILUM OG VIÐSKIPTAFÆRNI**

MABI (E. MANAGEMENT ACCOUNTING AND BUSINESS INTELLIGENCE)

Meistaránám í reikningshaldi og endurskoðun hentar þeim sem stefna að löggildingu sem endurskoðendur eða vilja ná langt á sviði fjármálastjórnunar innan fyrirtækja. Fyrsta árið er sameiginlegt og svo er hægt að sérhæfa sig í reikningshaldi og endurskoðun eða stjórnunarreikningsskilum og viðskiptafærni.

Þeir sem velja endurskoðun stefna alla jafna að því að verða löggiltir endurskoðendur og áhersla í námi þeirra varðar endurskoðun, gerð ytri reikningsskila, skattamál og skyldar greinar, einkum fjármálafræði.

Í stjórnunarreikningsskilum og viðskiptafærni er horft á reikningshaldið út frá öðru sjónarhorni og áhersla lögð á að miðla upplýsingum til stjórnenda fyrirtækja og stofnenda sem unnar eru úr innri gögnum þeirra. Slíkt nám höfðar til verðandi fjármálastjóra og aðalbókara. Áherslan í slíku námi er einkum á nýtingu reikningshalds í þágu stjórnenda og hönnun upplýsingakerfa hvers konar, en síður á endurskoðun og skattamál.

# MEISTARANÁM Í REIKNINGSHALDI OG ENDURSKOÐUN

2ja ára nám, 120 ECTS einingar



## 1. ÁR HAUSTÖNN – 1. ÖNN

Fjármál fyrirtækja I  
Reikningskil I  
Endurskoðun I – rannsóknaraðferðir  
Skattskil fyrirtækja I

## VORÖNN – 2. ÖNN

Rekstrarbókhald fyrirtækja I  
Reikningskil II  
Samstæðureikningskil fyrirtækja  
**Valnámskeið (1 af 2)**  
Alþjóðafjármál  
Fjármál fyrirtækja II

## 2. ÁR HAUSTÖNN – 3. ÖNN

Reikningsskilafraeði\*  
Endurskoðun II – rannsóknaraðferðir  
Upplýsingatækni í reikningshaldi  
**Valnámskeið (1 af 2)**  
Verðmat fyrirtækja (Equity Analysis)\*  
Rekstrarbókhald fyrirtækja II\*

## VORÖNN – 4. ÖNN

Afleiður – fjármál og reikningshald  
Endurskoðun III – endurskoðunarfræði\*  
Félaga- og fjármunaréttur  
**Valnámskeið (1 af 3)**  
Afleiður – fjármálaáhersla (Derivatives)\*  
Skattaskil – alþjóðaskattar og skattaskipulagning

\*Kennt á ensku

# MEISTARANÁM Í STJÓRNUNARREIKNINGSSKILUM OG VIÐSKIPTAFÆRNI

2ja ára nám, 120 ECTS einingar

Flestir helstu viðskiptaháskólar heims bjóða nám í hönnun og innleiðingu stjórnunarreikningsskila. Háskólinn í Reykjavík er eini háskólinn á Íslandi sem nú býður þetta nám. Námið byggist á námskeiðum um stjórnunarreikningsskil, upplýsingatækni, viðskiptafærni og ferlastjórnun. Kennarar koma viðsvegar að meðal annars frá Háskólanum í Reykjavík, Copenhagen Business School og SAS Institute. Námið byggist á sterkri tengingu við atvinnulífið og koma ýmis fyrirtæki að náminu í sambandi við verkefnavinnu og gestafyrirlestra.

## 1. ÁR HAUSTÖNN – 1. ÖNN

Fjármál fyrirtækja I  
Reikningsskil I  
Endurskoðun I – rannsóknaraðferðir  
Skattskil fyrirtækja I

## VORÖNN – 2. ÖNN

Rekstrarbókhald fyrirtækja I  
Reikningsskil II  
Samstæðureikningsskil fyrirtækja  
**Valnámskeið (1 af 3)**  
Alþjóðafjármál\*  
Fjármál fyrirtækja II\*  
Advanced Business Informatics\*

\*kennt á ensku

## 2. ÁR HAUSTÖNN – 3. ÖNN

Rekstrarbókhald fyrirtækja II\*  
Rekstrarbókhald III –  
(Strategic Management Accounting)\*  
Upplýsingatækni í reikningshaldi  
**Valnámskeið (1 af 2)**  
Skattskil II –  
alþjóðaskattamál og skattaskipulagning  
Reikningsskilafraði (Accounting theory)\*  
Verðmat (Equity Analysis)\*

## VORÖNN – 4. ÖNN

Business Process Management\*  
Corporate Performance Management\*  
Rekstrarbókhald IV  
(Management and Accounting)\*  
Rekstrarbókhald V  
(Business Intelligence and Analytics)\*

\*kennt á ensku



### **AF HVERJU REIKNINGSHALD OG ENDURSKOÐUN?**

Reikningshald er stundum kallað tungumál viðskipta. Um það tungumál gilda reglur eins og um önnur tungumál. Mikilvægt er að sá sem vill starfa við tölulega greiningu um rekstur fyrirtækja, hvort sem það er á vettvangi fyrirtækjanna sjálfra eða sem sjálfstæður ráðgjafi, tileinki sér þær reglur og kunni að beita þeim þannig að sem áreiðanlegust mynd fái af rekstrarafkomu og efnahag fyrirtækja.

Til þess að stunda tölulega greiningu um rekstur fyrirtækja er nauðsynlegt að hafa gott vald á öllum þáttum þess ferlis. Sérstaklega þarf að huga að því hvernig skynsamlegast er að safna nauðsynlegum upplýsingum um rekstur fyrirtækja, hvernig á að vinna úr talnaefni og hvernig túlka á tölur í opinberum reikningsskilum eða skýrslum sem unnar eru og notaðar innan fyrirtækjanna sjálfra. Fjölmargir stjórnendur fyrirtækja sem hafa þennan bakgrunn hafa verið mjög eftirsóttir til stjórnsýslu- og stjórnunarstarfa almennt. Margir innlendir og erlendir forstjórar fyrirtækja, úr nánast öllum atvinnugreinum, hafa þjálfun í reikningshaldi og endurskoðun. Það ætti í sjálfu sér ekki að koma á óvart því óvída fá menn eins víðtæka vitneskju um rekstur þeirra eins og við þau störf.

### **AF HVERJU STJÓRNUNARREIKNINGSSKIL OG VIÐSKIPTAFÆRNI?**

Hlutverk stjórnenda er meðal annars að móta stefnu fyrirtækisins, stilla upp markmiðum, taka ákvarðanir og fylgja þessum ákvörðunum eftir. Þetta hlutverk krefst aðgangs að réttum upplýsingum um afkomu fyrirtækisins sem og stjórnunartólum sem styðja við og bæta gæði ákvarðanatöku. Nám í stjórnunarreikningskilum og viðskiptafærni gerir nemendum kleift að hanna og innleiða stjórnunarreikningsskilakerfi sem bæta ákvarðanatöku, árangursstjórnun, fjárhagsskipulag og upplýsingaflæði til stjórnenda. Í viðskiptaheimi nútímans þýðir það bætt afkomu og sterkari samkeppnishæfileika.

Þegar nemandi útskrifast með meistaragráðu í stjórnunarreikningsskilum og viðskiptafærni á hann að vera í stakk búinn til að meta og þróa ákvarðanatöku og tengt upplýsingaflæði í fyrirtækjum með því að nota aðferðir og tæki tengd kostnaðargreiningu, árangursstjórnun, fjárhagsskipulagningu, ferilsstjórnun og uppbyggingu upplýsingakerfa. Námið er sérstaklega ætlað nemendum sem hyggjast verða fjármálastjórar, stjórnunarráðgjafar, sérfræðingar í árangursstjórnun eða starfa í fjárstýringu.

# KENNARAR

Kennarar eru valdir með hliðsjón af því að þeir hafi góðan fræðilegan bakgrunn, en ekki síður út frá því að þeir hafi fengið viðtæka þjálfun í atvinnulífinu og hafi miklum fróðleik að miðla um þá reynslu og þekkingu. Einnig koma erlendir gestakennarar að kennslu í meistaranáminu því við teljum það mjög mikilvægt fyrir nemendur að fá alþjóðlega sýn á námsefnið.



**Allen Michel**

PhD Fjármál  
Boston University

**Námskeið:** Verðmat fyrirtækja



**Árni Tómasson**

Löggiltur endurskoðandi  
Skilanefnd Glitnis

**Námskeið:** Samstæðureikningskil



**Claus Parum**

PhD Fjármál  
CBS

**Námskeið:** Fjármál fyrirtækja I, II



**David Schwarzkopf**

PhD Endurskoðun  
Bentley University

**Námskeið:** Endurskoðun III



**David W. Young**

PhD, DBA  
Boston University, Emeritus

**Námskeið:** Rekstrarbókhald fyrirtækja II



**Garðar Gíslason**

Lögfræðingur  
LEX lögmannsstofa

**Námskeið:** Félaga- og fjármunaréttur



**Gil Manzon**

PhD Endurskoðun  
Boston College

**Námskeið:** Reikningsskilafræði



**Heimir Örn Herbertsson**

**Lögfræðingur**  
LEX lögmannsstofa

**Námskeið:** Félaga- og fjármunaréttur



**Jesper Rangvid**

PhD Fjármál  
CBS

**Námskeið:** Alþjóðafjármál



**Jón Rafn Ragnarsson**

Löggiltur endurskoðandi  
Deloitte

**Námskeið:** Endurskoðun I, II



**K. Ravindran**

PhD Fjármál  
Alþjóðlegur fyrirlesari

**Námskeið:** Afleiður – fjármálaáhersla



**Páll Ríkarðsson**

PhD Endurskoðun  
SAS Institute

**Námskeið:** Upplýsingatækni í reikningshaldi



**Sigurjón Högnason**

Löggiltur endurskoðandi  
KPMG

**Námskeið:** Skattskil fyrirtækja I



**Soffía Eydís Björgvinsdóttir**

Löggiltur endurskoðandi  
KPMG

**Námskeið:** Skattskil fyrirtækja II



**Stefán Svavarsson**

Löggiltur endurskoðandi  
HR

**Námskeið:** Reikningskil I, II. Rekstrarbókhald I



**Sverrir Ólafsson**

PhD Stærðfræði  
HR

**Námskeið:** Skuldabréfagreining



**Unnar Friðrik Pálsson**

Löggiltur endurskoðandi  
KPMG

**Námskeið:** Afleiður – fjármál og reikningshald



## FYRIR HVERJA ER NÁMIÐ?

Til að fá inngöngu í námið verða umsækjendur að uppfylla einhver eftirtalinna skilyrða:

- BSc- eða BA-próf í viðskiptafræðum með áherslu á fjármál og reikningshald.
- BSc- eða BA-próf í viðskiptafræðum almennt. Til athugunar kemur þá hvort viðkomandi þurfi að taka viðbótarnámskeið í reikningshaldi og fjármálum í grunnnámi.
- BSc- eða BA-próf úr öðrum fræðigreinum. Þá er lögð áhersla á að nemendur hafi nýlega lokið eftirfarandi námskeiðum eða sambærilegum:

Fjármál I

Fjármál II

Rekstrargreining

Fjárhagsbókhald

Gerð og greining ársreikninga

## ENDURMENNTUNARPUNKTAR FYRIR ENDURSKOÐENDUR

Þeir endurskoðendur sem vilja verða sér úti um endurmenntunarpunkta í samræmi við kröfur þar um geta sótt um aðgang að tilteknum námskeiðum með samþykki kennara.



„Í námi mínu í reikningshaldi og endurskoðun hef ég öðlast mikla og góða þekkingu á reikningskilum, þessu helsta tungumáli viðskipta. Ég valdi þetta nám við Háskólann í Reykjavík því það er, að mínu mati, það besta á þessu sviði á Íslandi. Ég hef notið handleiðslu frábærra kennara og leiðandi fræðimanna víða að úr heiminum, fagmanna sem hjálpa manni mikið en búast einnig við miklu. Ég hef fengið tækifæri til að vinna að verkefnum og greinaskrifum sem leggja til vísindanna og fyrir það er ég auðmjúk og þakklátur.“

*Sindri Þór Hilmarsson,  
nemandi í meistaranámi*

„Ég er löggiltur endurskoðandi með 25 ára gamalt viðskiptafræðipróf (cand.oecon.) og er að bæta við mig því sem mig vantar í meistarágráðu. Námið í HR nýtist mér líka vel í starfi mínu og er það ekki síst að þakka aðkomu frábærra erlendra kennara. Aðkoma erlendra fræðimanna að kennslu í endurskoðun og reikningsskilum er grundvallaratriði í faglegri uppbyggingu jafnfámennrar stéttar og íslensku endurskoðendastéttarinnar.“

*Margrét G. Flóvenz,  
löggiltur endurskoðandi*

### Nánari upplýsingar:



Vlad Vaiman  
Forstöðumaður MSc/MBA-náms  
vlad@hr.is



Þóra Björk Eysteinsdóttir  
Verkefnastjóri  
thorabjork@hr.is  
Sími 599 6281



Stefán Svavarsson  
Dósent  
Faglegur stjórnandi meistaranáms í  
Reikningshaldi og endurskoðun



Páll Ríkharðsson  
Faglegur stjórnandi meistaranáms  
í Stjórnunarreikningsskilum og  
viðskiptafærni